



Innri stefna Landssamtaka íslenskra stúdenta

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Efling starfa aðildarfélaganna	2
Aukinn sýnileiki og betri ásýnd	3
Sterkara fulltrúaráð	4
Jafnrétti	5
Aukið gagnsæi og traust	6
Bætt samskipti LÍS	7
Umhverfismál	8
Framtíðarsýn LÍS	8

1. Inngangur

Landssamtök íslenskra stúdenta (LÍS) eru ung samtök sem hafa vaxið gríðarlega hratt og gegna í dag mikilvægu hlutverki í íslensku háskólasamfélagi. Það er að sjálfsögðu mikilvægt að samtökin móti sér skýrar stefnur út á við en þær þurfa að byggja á sterkum grunni, á bjargi ekki sandi. Því er nauðsynlegt að samtökin séu jafn sterk inn á við og út á við. Aukinn innri styrkur samtakanna fæst með skilmerkilegum lögum, verklagsreglum en síðast en ekki síst greinargóðri innri stefnu.

Samtökin verða að geta starfað inn á við á sama hátt og þau starfa út á við. Innri stefna samtakanna er því byggð á ytri stefnum samtakanna, ábendingum frá aðildarfélögunum en einnig á gildum sem aðildarfélögin komu sér saman um í lok árs 2019. Þau eru: Jafnrétti, lýðræði, gagnsæi og samstaða.

Innri stefnan er byggð upp á nokkrum markmiðum og bera kaflar stefnunnar þess merki en í titli þeirra er að finna markmið. Í undirköflum er svo að finna rökstuðning fyrir því hvers vegna þau markmið eru fýsileg og heppilegar leiðir til þess að komast nær markmiðunum.

2. Efling starfa aðildarfélaganna

Það er hagur stúdenta að fjölbreyttar stúdentahreyfingar blómstri á landsvísu. Því þarf LIÍS að efla starf sinna aðildarfélaga og aðstoða þau enn frekar við hagsmunagæslu og stefnumótun.

Mikilvægt skref í því er að LIÍS vinni að því að skapa launaða stöðu hjá hverju aðildarfélagi fyrir sig. Slíkar stöður tyggja fulltrúalýðræðið með enn betra móti og raddir allra heyrast frekar en ella. Þegar ráðist er í þessa baráttu er nauðsynlegt að LIÍS eigi í samtali við hvert aðildarfélag fyrir sig, skólastjórnendur í þeim menntastofnunum sem aðildarfélögin starfa innan, yfirvöld og fleiri sem gætu átt hlut að máli. Nauðsynlegt er að LIÍS geri sér grein fyrir því hversu stórar stöður samtökin og aðildarfélögin vilji biðja um og hvort stöðurnar ættu að vera ólíkar eftir nemendafjölda og áherslum stúdentahreyfinganna.

Markmið um greiddar stöður er háleitt og erfiðara viðfangs í sumum skólum en öðrum. Því er mikilvægt að LIÍS hugsi í praktískum lausnum og vinni með skólastjórnendum að því að taka fyrsta skrefið í áttina að því að umbuna aðildarfélögum fyrir sína mikilvægu vinnu í þágu stúdenta og æðri menntastofnana í heild sinni. Öflug gögn sem bakka upp röksemdafærslu LIÍS eru lykilatriði í þessu samhengi. Í slíkum samningaviðræðum skulu LIÍS því vinna bakgrunnsvinnu um það hvernig forsvarsfólki stúdentahreyfinga er umbunað fyrir störf sín á landsvísu sem og í nágrannalöndunum, ásamt annarri bakgrunnsvinnu sem þykir þurfa.

Ólíkum þörfum fylgir ólíkur stuðningur. Háskólar á Íslandi eru eins mismunandi og þeir eru margir og því er brýnt að LIÍS átti sig á því að aðildarfélögin hafi ólíkar þarfir og eigi í samtali við þau um það sem LIÍS getur gert fyrir hvert aðildarfélag fyrir sig.

Öll aðildarfélög ættu að sitja við sama borð hjá LÍS og jafnrétti skal ríkja á milli aðildarfélaga. Mikilvægt er að leitast sé eftir því eftir fremsta megni að þeir aðilar sem sitji í framkvæmdastjórn hafi bakgrunn úr fjölbreyttum aðildarfélögum. Til dæmis með því að hvetja einstaklinga úr hverju og einu aðildarfélagi til þess að sækja um stöður innan framkvæmdastjórnar. Þeir aðilar sem sitja í framkvæmdastjórn skulu skrifa undir yfirlýsingu um að þeir séu fullfærir um að vinna fyrir öll aðildarfélög og muni ekki gera stöku aðildarfélögum hærra undir höfði en öðrum.

LÍS skulu leitast við að skapa fjölbreytt tækifæri fyrir fjölbreyttan hóp innan samtakanna. Samtökin, og því stúdentar í heild sinni, njóta góðs af því að fjölbreyttur hópur komi að starfi LÍS. Starf innan hagsmunafélaga eins og LÍS getur sömuleiðis verið ákveðinn stökkipallur út í atvinnulífið fyrir ungt fólk sem vill láta gott af sér leiða. Því er mikilvægt að LÍS bjóði upp á fjölbreytt tækifæri fyrir fjölbreyttan hóp fólks og laði með því móti að sér fólk af öllum toga.

3. Aukinn sýnileiki og betri ásýnd

Mikilvægt er að LÍS séu sýnileg innan sem utan háskólasamfélagsins og að sú ásýnd sé jákvæð. Vinna við að byggja upp jákvæða ásýnd félagsins er langtímaverkefni og alltaf hægt að gera betur hvað það varðar. Sömuleiðis skiptir miklu máli að samtökin séu sýnileg. Með sýnilegri hagsmunabaráttu stúdenta er auðveldara að koma hagsmunamálum út í samfélagsumræðuna og hafa áhrif með þeim hætti. Einnig er sýnileiki samtakanna þýðingarmikill fyrir stúdenta. Ef samtökin eru sýnileg eru meiri líkur á að stúdentar átti sig á hagsmunagæslunni sem fer fram innan LÍS, hvernig samtökin geti komið stúdentum til góða og hvernig þeir geti hjálpað til í baráttunni fyrir bættum kjörum stúdenta.

Mikilvægt er að auka sýnileika LÍS á meðal erlendra nemenda. Mikilvægt skref í þeim efnum er að bæta enska útgáfu heimasíðu LÍS og gera það skýrt að alþjóðlegir nemar geti leitað til samtakanna. Slíkum upplýsingum er hægt að koma áleiðis í gegnum alþjóðaskrifstofur háskólanna, því skulu LÍS vinna að því að kynna sig vel fyrir þeim. Það getur gjarnan verið auðveldara fyrir stúdenta að leita til einhvers sem hefur skilning á aðstæðum þeirra og hvað varðar alþjóðlega nemendur væri því vænlegt að einhver fulltrúi í framkvæmdastjórn sé alþjóðlegur nemandi. Hugmyndir um það hvernig hægt sé að stuðla að betra aðgengi alþjóðlegra nemenda að embættum innan framkvæmdastjórnar verða ræddar betur í kafla um jafnrétti.

Samskipti LÍS við fjölmiðla skulu vera til fyrirmyndar. Samskipti við fjölmiðla eru mikilvægur þáttur í því að auka sýnileika samtakanna og bæta ásýnd þeirra. Vettvangur fjölmiðla getur verið sterkt svæði fyrir LÍS til þess að koma sínum baráttumálum á framfæri. Því er vænlegt að seilast til fjölmiðla eins oft og viðeigandi þykir.

LÍS eru stúdentamiðuð samtök sem stúdentar móta með beinum hætti. Því skiptir miklu máli að forsvarsaðilar samtakanna komi fram í samræmi við stefnu LÍS og ávallt með hagsmuni stúdenta að leiðarljósi. Fulltrúar skulu mæta stundvíslega á viðburði sem þeir sækja fyrir hönd samtakanna. Á slíkum viðburðum skulu fulltrúar vera vakandi, tilbúnir í að drekka í sig þekkingu og horfa á þær upplýsingar sem fram koma með gagnrýnum augum.

LÍS tekur sér European Students Union (ESU) að fyrirmynd og mælist til þess að meðlimir LÍS komi ekki fram opinberlega með aðilum sem hafa gerst sekir um mannréttindabrot eins og þau eru skilgreind í Mannréttinasáttmála Evrópu.

4. Sterkara fulltrúaráð

LÍS eru aðildarfélög samtakanna og aðildarfélögin eru LÍS. Því skulu fulltrúaráð og framkvæmdastjórn LÍS vinna að því að fulltrúaráð, sem samanstendur af fulltrúum aðildarfélaganna, sé sterkasti hlekkurinn í starfi LÍS.

Ábyrgð fulltrúaráðs er mikil. Nauðsynlegt er að fulltrúar ráðsins gangist við þeirri ábyrgð og reyni eftir fremsta megni að tala raunverulega fyrir hönd sinna félaga, þeirra stúdenta sem þeir standa fyrir. Það geta fulltrúar gert með því að kynna sér málefni stúdenta vel, fundargögn fulltrúaráðsfunda og annað sem kann að skipta máli í starfi þeirra fyrir stúdentana.

Ábyrgð framkvæmdastjórnar er einnig mikil þegar kemur að því að efla fulltrúaráð. Sú ábyrgð lýtur ekki einungis að því að efla störf aðildarfélaganna, þó slíkt skipti vissulega höfuðmáli í vinnu í átt að sterkara fulltrúaráði, heldur einnig að því að virkja fulltrúa innan fulltrúaráðs enn frekar. Til þess að fulltrúar vilji vera virkir þurfa þeir að upplifa að þeir geti haft raunveruleg áhrif á LÍS og á hagi stúdenta í gegnum LÍS. Það er hlutverk framkvæmdastjórnar að sjá til þess að fulltrúaráði standi til boða að hafa raunveruleg áhrif.

Aukna virkni fulltrúa innan fulltrúaráðs má til dæmis ná fram með því að hvetja fulltrúa til þess að koma með mál inn á borð framkvæmdastjórnar og/eða fulltrúaráðs. Þannig gæti varaforseti auglýst í hvert sinn að mótun dagskrár fulltrúaráðsfundar sé hafin og að aðildarfélögin megi gjarnan hafa samband ef þau vilji taka einhver sérstök mál fyrir. Einnig er vænlegt að ítreka í hvert sinn sem fundarboð fyrir fulltrúaráðsfundi er sent út að leyfilegt sé að koma með önnur mál.

Þar sem stór hluti fulltrúaráðs er jafnan búsettur á landsbyggðinni þarf framkvæmdastjórn LÍS að tryggja að fjarfundabúnaður standi ávallt til boða á fundum ráðsins og að sá búnaður sé eins og best verður á kosið.

Framkvæmdastjórn þarf að gæta þess að fulltrúaráð hafi orðið á fulltrúaráðsfundum, frekar en framkvæmdastjórnin sjálf. Orðræða framkvæmdastjórnar á fundum fulltrúaráðs á frekar að vera til þess fallin að hvetja til umræðna heldur en að draga úr þeim.

Framkvæmdastjórn og fulltrúaráð LÍS skulu leitast við að bera allar ákvarðanir sem lúta að stefnubreytingum undir landsþing. Þar sem landsþing er einungis haldið einu sinni á ári er það þó ekki alltaf mögulegt en í þeim tilvikum sem stefnumótandi mál eru sett á dagskrá er gríðarlega mikilvægt að mikil og opin umræða eigi sér stað um þau innan fulltrúaráðs. Þá þurfa þeir aðilar sem leggja fram tillögu að stefnubreytingum að gera ítarlega grein fyrir tillögum sínum og ástæðum sem liggja að baki þeim. Í því, sem og öðru, skiptir heiðarleiki höfuðmáli.

5. Jafnrétti

LÍS eiga metnaðarfulla jafnréttisstefnu sem ávallt skal litið til þegar spurningar vakna um jafnréttismál innan samtakanna þar sem þá stefnu er ekki einungis hægt að nýta sem vopn í baráttunni fyrir bættum kjörum stúdenta heldur einnig inn á við, í innra starfi LÍS.

Fulltrúaráð og framkvæmdastjórn þurfa að vera upplýst um jafnréttismál. Slík vitneskja getur bæði nýst innan LÍS og aðildarfélaganna. Árlega skal fulltrúaráð því fá fræðslu um mikilvægi jafnréttis í háskólasamfélaginu frá jafnréttisfulltrúa LÍS. Sá fulltrúi skal leitast við að miðla sinni vitneskju um það sem er að gerast í jafnréttismálum í háskólasamfélaginu til fulltrúaráðs eins vel og ötullega og hægt er, sérstaklega í byrjun starfsárs, í samstarfi við jafnréttisfulltrúa nemenda allra háskólanna. Meðlimir fulltrúaráðs hafa þá tök á að nýta slíka vitneskju í uppbyggingu jafnréttisstarfs innan sinna aðildarfélaga. Vert er að minnast á að jafnréttisfulltrúi skal í sínu starfi eiga í miklu og góðu samstarfi við jafnréttisfulltrúa nemenda innan háskólanna.

Þátttökuhugmyndafræði (e. inclusion) þarf að vera í hávegum höfð í starfi LÍS og þarf að tryggja aðgengi ólíkra samfélagshópa að starfinu, til dæmis með því að þýða efni LÍS yfir á ensku í auknum mæli og birta það bæði á íslensku og ensku á net- og samfélagsmiðlum LÍS. Gæta skal að því að kynjatvíhyggja sé ekki viðhöfð í samhengi við LÍS, bæði í riti og ræðu fulltrúaráðs, framkvæmdastjórnar og annarra fulltrúa LÍS.

Samtökin skulu alltaf ganga úr skugga um að aðgengi að viðburðum LÍS sé til fyrirmyndar, ekki síst hvað varðar líkamlegt aðgengi að viðburðum. Framkvæmdastjórn er skylt að ganga úr skugga um það að viðburðir LÍS séu öruggt rými (e. safe space) þar sem öll upplifa öryggi og hafa tækifæri á að tjá sín sjónarmið.

Auknar líkur eru á að framkvæmdastjórn LÍS taki tillit til jafnréttissjónarmiða ef samsetning hennar er fjölbreytt. Því þarf það að vera raunverulegur möguleiki fyrir sem flesta að sækja um embætti innan framkvæmdastjórnar. Slíkur möguleiki fæst einungis með því að gera starf

framkvæmdastjórnar aðgengilegra fyrir jaðarhópa og með því að hvetja einstaklinga sem tilheyra þeim sérstaklega til þess að taka þátt í starfi LÍS.

Til að mynda þarf aðgengi að skrifstofu LÍS að vera til fyrirmyndar fyrir fólk með hreyfihömlun og þarf framkvæmdastjórn að vera tilbúin í að taka tillit til þarfa til fulltrúa sem glíma við einhvers konar fatlanir, hvort sem þær eru líkamlegar eða andlegar.

Aðgengi að embættum framkvæmdastjórnar fyrir alþjóðlega nemendur þarf einnig að vera gott, slíkt aðgengi skal bæta með því að auka sýnileika LÍS á meðal alþjóðlegra nemenda, eins og rætt var í þriðja kafla.

Vinna innan LÍS er að stórum hluta sjálfbóðaliðavinna, eins og innan annarra stúdentasamtaka. Slíkt getur verið mikil hindrun fyrir stúdenta sem hafa lítið á milli handanna, sem og fjölskyldufólk og fleiri. Því skulu LÍS vinna ötullega að því að fleiri stöður innan samtakanna fái laun fyrir sína vinnu. Einnig skulu samtökin vinna áfram að því að bjóða upp á fjölbreytt verkefni til styttri tíma og hlutverk sem fela í sér takmarkaða byrði.

LÍS eru landsamtök og því skiptir miklu máli að stúdentar sem koma af landsbyggðinni hafi tök á að taka þátt í framkvæmdastjórn og öðru starfi samtakanna. Því er mikilvægt að tæknilegar lausnir séu til staðar til þess að einstaklingar sem búa utan höfuðborgarinnar hafi tök á að sinna embættum innan framkvæmdastjórnar. Í því samhengi er sérstaklega mikilvægt að finna fjarfundabúnað sem virkar vel. Höfuðstöðvar LÍS eru þó í Reykjavík og þyrfti því að meta í hverju tilviki fyrir sig hvort ástæða væri til þess að viðkomandi dveldi í Reykjavík í lengri eða skemmri tíma vegna starfa sinna fyrir samtökin.

6. Aukið gagnsæi og traust

Traust og gagnsæi verða sífellt mikilvægari í nútímasamfélagi þar sem falskar upplýsingar eru alltumlykjandi. LÍS skulu vera til fyrirmyndar í þeim efnum og starfa með gagnsæi, heiðarleika og traust að leiðarljósi.

Allir meðlimir framkvæmdastjórnar LÍS skulu halda hagsmunaskráningu þar sem fram koma tengsl viðkomandi við félög, fyrirtæki og samtök. Innan mánaðar frá því að meðlimir framkvæmdastjórnar hafa tekið til starfa skulu þeir gera grein fyrir ofangreindum tengslum. Skráningu skal viðhaldið með því að skrá nýjar upplýsingar og viðbótarupplýsingar innan mánaðar frá því að þær liggja fyrir. Þessi skráning skal vera aðgengileg fulltrúaráði.

Trúnaður skal haldinn við aðildarfélög og þá einstaklinga sem eiga í samskiptum við LÍS, sé þess óskað. Trúnaður og gagnsæi geta rekist á. Því skal meta það í hverju tilviki fyrir sig hvort nauðsynlegt sé að trúnaður ríki um tiltekin málefni.

LÍS skulu halda aðildarfélögum upplýstum um það sem fer fram innan samtakanna og ræða um vinnu LÍS heiðarlega og opinskátt við sín aðildarfélög.

Meðlimir LÍS skulu vera heiðarlegir í sínum störfum og óhræddir við að tjá skoðanir sínar. Þeir eiga einnig að hafa frelsi til að tjá skoðanir sínar án takmarkana. Til þess að skoðanafrelsi ríki er mikilvægt að meðlimir virði skoðanir annarra og leitist við að skapa uppbyggjandi umræðu þegar ólík sjónarmið stangast á.

LÍS skulu ekki einungis leitast við að vera gagnsæ samtök inn á við heldur einnig út á við. Samtökin geta til dæmis stuðlað að auknu gagnsæi út á við með því að birta stefnur sínar á vef samtakanna, studentar.is, og gert eins mikið af upplýsingum um samtökin aðgengilegar þar og LÍS telja viðeigandi. Þetta gagnsæi út á við helst í hendur við aðgengi að samtökunum sem LÍS skulu ávallt leitast við að tryggja öllum stúdentum landsins.

7. Bætt samskipti LÍS

Samskipti aðildarfélaga og LÍS þurfa að vera með besta móti. Mikilvægt er að þau séu ræktuð. Sömuleiðis skulu samskipti LÍS við stúdentafélög erlendis vera í hávegum höfð enda margt sem LÍS geta lært af kollegum sínum á erlendum vettvangi.

Samskiptaleiðir skulu vera augljósar og öllum skýrar. Þeim skal gera grein fyrir í verklagi LÍS sem samtökin skulu fylgja í einu og öllu. Sömuleiðis skal framkvæmdastjórn LÍS og fulltrúaráð hittist í byrjun starfsárs, helst á haustþingi og ræða komandi starfsár. Skýr mörk skulu vera sett á milli hlutverka LÍS og hlutverka aðildarfélaganna.

Aðildarfélögin geta stutt hvort annað og deilt mikilvægri reynslu. Því er mikilvægt að auka tengsl á milli aðildarfélaganna. Slíkt er til dæmis mögulegt að gera með því að LÍS hvetji til meiri samvinnu. Sömuleiðis skiptir hópefli á þingum LÍS miklu máli og að fólk sé hvatt til að tylla sér ekki einungis hjá sínu aðildarfélagi á viðburðum á vegum LÍS.

Í samskiptum við ESU skulu fulltrúar LÍS ávallt hafa hagsmuni íslenskra stúdenta og stúdenta á Íslandi að leiðarljósi. Við kosningar hjá ESU kjósa fulltrúar LÍS eftir sinni sannfæringu og skal tryggt að atkvæði LÍS haldist hjá samtökunum sjálfum og séu ekki í skiptum fyrir atkvæði annarra í öðrum málum. Í samskiptum við ESU skulu LÍS horfa á allt með gagnrýnum augum og með gildi LÍS að leiðarljósi.

Fulltrúar LÍS skulu miða að því að einangrast ekki á alþjóðlegum viðburðum og fulltrúar samtakanna reyna sitt besta til að tengjast stúdentum úr öðrum hreyfingum. Sömuleiðis skulu fulltrúar samtakanna gera sitt besta til að gefa af sér og læra af öðrum innan hinnar alþjóðlegu hreyfingar.

Samskipti LÍS við menntamálaráðuneytið skulu vera fagleg og vel undirbúin. Séu stórar ákvarðanir teknar varðandi samskipti við ráðuneytið er mikilvægt að slíkar ákvarðanir fari fyrir fulltrúaráð og séu teknar með afgerandi stuðningi þess.

Hvað samskipti LÍS við utanaðkomandi aðila varðar, til dæmis fyrirtæki sem veita samtökunum styrki eða fyrirtæki sem hafa áhuga á einhvers konar samstarfi við LÍS, skal eftirfarandi gilda: LÍS skulu alltaf starfa með hagsmuni stúdenta og aðildarféлага að leiðarljósi og þau skulu ekki verða fyrir áhrifum af utanaðkomandi aðilum nema það sé til hagsbóta fyrir stúdenta. LÍS skulu einungis eiga í samstarfi við fyrirtæki sem starfa af heilindum og er LÍS ekki heimilt að gera neinar undantekningar á því.

8. Umhverfismál

Við lifum á varhugaverðum tímum þar sem loftslagsváin vofir yfir. Nauðsynlegt er að stjórnvöld og fyrirtæki grípi til aðgerða en einnig félagasamtök eins og LÍS. Samtökin tala gjarnan fyrir umhverfisvitund, auknum aðgerðum stjórnvalda og það krefst þess að LÍS séu til fyrirmyndar í umhverfismálum

Flugferðum samtakanna skal halda í lágmarki. Samt sem áður er mikilvægt að meðlimir LÍS heimsæki aðra landshluta og þing erlendis. Flugferðum skal haga þannig að þegar þær eru farnar nýtist þær sem best.

LÍS skulu einbeita sér að herferðum á netmiðlum í þeim tilgangi að halda pappírssóun í lágmarki. Þegar samtökin ákveða að prenta hjá prentsmiðju er mikilvægt að þau velji umhverfisvottaða prentsmiðju.

LÍS skulu styðja við umhverfisátök ungs fólks og stúdenta þegar það á við og hugarfar sem setur umhverfisvænni kostinn í fyrsta sæti skal ávallt viðhaft í ákvarðanatöku LÍS.

9. Framtíðarsýn LÍS

LÍS eru ung samtök og er mikilvægt að þau móti sér skýra framtíðarsýn. Hagsmunagæsla skal vera forgangsatridi í þeirri framtíðarsýn. LÍS skulu gæta þess að þekking glatist ekki svo hún skili sér örugglega inn í framtíð samtakanna.

Stefnum og lögum samtakanna skal breyta í takt við þau gildi sem standa stúdentum næst hverju sinni.